

## Skýrsla stjórnar Etadeildar 2012-2014 flutt á aðalfundi 29. apríl 2014

Stjórn Etadeildar 2012-2014 skipuðu:

Auður Torfadóttir formaður  
Anna Magnea Hreinsdóttir varaformaður  
Þórunn Blöndal ritari  
Ólöf Helga Þór gjaldkeri  
Bryndís Guðmundsdóttir meðstjórnandi  
Kristín Helga Guðmundsdóttir vefstjóri

Deildarkonur eru nú 28. Tvær konur sögðu sig úr deildinni á starfstímabilinu og ein lést. Ein ný kona var tekin inn. Deildin hefur samþykkt að bjóða sjö konum í deildina og hafa sex þeirra þáð boðið og þar af verða þrjár teknar inn á þessum fundi. Fyrirkomulag starfsins í deildinni þetta starfstímabil hefur verið í anda þess sem var á kjörtímabili síðustu stjórnar. Alls voru haldnir sex fundir hvort ár og deildarsystur skiptust í fjóra hópa sem hver sá um að skipuleggja og halda utan um einn fund í samráði við stjórn deildarinnar. Unnið var áfram í anda þeirra markmiða sem fylgt hefur verið: *Að hafa forystu í faglegru umræðu, Að efla innbyrðis tengsl deildarsystra og Að auka samstarf við konur úr öðrum deildum.* Við höfum enn ekki náð að virkja fjórða markmiðið *Að velja verkefni utan deildar til að vinna að*, en það stendur vonandi til bóta.

Starfið hefur verið gott og gefandi og góður andi ríkt í deildinni. Það er helst að upp koma af og til vangaveltur um hlutverk samtakanna. Það er vilji fyrir því að láta gott af sér leiða út á við jafnt sem inn á við, en fjárhagslegt bolmagn vantar til að hægt sé að ráðst í verðugt verkefni.

\*\*\*

### Starfsárið 2012-2013

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn á veitingastaðnum Caruso miðvikudaginn 10. október 2012 kl. 18:00-20:00.

Bryndís Guðmundsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún gerði að umtalsefni veru sína í samtökunum, ýmsar spurningar og efasemdir sem hefðu af og til vaknað og þann ávinning sem við getum haft af þátttöku, m.a. vináttu, eflingu fagvitundar, kynni og samskipti við konur af ólíkum skólastigum, aukna þekkingu og víðsýni.

Að máltíð lokinni stjórnaði Bryndís umræðu um starfið framundan og skiptust fundarkonur í hópa. Lagðar voru fram fimm spurningar:

- Hverjar erum við?
- Hvert stefnum við?
- Hvernig viljum við móta starfið/samtökin?
- Hverjar eru þarfir félagskvenna?
- Hvernig getum við best vaxið og dafnað í DKG?

Heilmiklar og frjóar umræður urðu um þessar spurningar og þær eru mjög í ætt við þær umræður sem af og til spretta upp í Etadeild um tilgang og þátttöku í Delta Kappa Gamma samtökunum.

\*\*\*

Annar fundur var haldinn laugardaginn 10. nóvember 2012 kl. 10:30 og hófst hann úti á Granda í hönnunarsetri og verslun Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar. Steinunn fræddi okkur um starf sitt og gildi góðrar hönnunar og vandaðra efna og lagði áherslu á nýtni. Hún kom inn á þátt fjöldaframleiðslunnar og hvernig sú framleiðsla skapar ýmis vandamál, svo sem lélegar vinnuaðstæður og heilbrigðisvandamál þeirra sem fást við framleiðsluna í þriðja heiminum. Hún ræddi einnig umhverfisvandamál sem tengjast framleiðslunni og nefndi sem dæmi áhrif in sem framleiðsla gallabuxna hefur á umhverfið og spáði því að svo gæti farið að gallabuxur yrðu hugsanlega bannaðar. Eftir góða stund með Steinunni var haldið á Hótel Marina og snædd þar súpa. Ágústa flutti orð til umhugsunar og Eyrún kynnti málörvunarverkefnið Lubbi sem hún hefur unnið að í mörg ár.

\*\*\*

Jólafundur Etadeildar var haldinn á veitingastaðnum Satt Hótel Natura 4. desember 2012 og var séra Agnes Sigurðardóttir biskup gestur okkar.

Formaður minntist látinnar félagskonu, Kristínar Steinarsdóttur. Hún rakti störf hennar fyrir deildina og hvernig hún hefði tekist á við mótlæti og veikinda af sönnum hetjuskap. Kveikt var á kerti í minningu hennar.

Séra Agnes sagði frá lífi sínu og starfi. Hún greindi frá því hvernig uppeldið á æskuheimilinu á Ísafirði hefði snemma mótað hana og ráðið ákvörðun hennar um að feta í fótspor föður síns og gerast prestur. Hún var meðal fyrstu kvenna til að nema guðfræði og sagði frá ýmsum spaugilegum tilvikum af viðbrögðum fólks. Hún fjallaði um reynslu sína af prestsskap í Borgarfirði og síðan í Bolungarvík þar sem hun starfaði lengst af. Það er ljóst að Vestfirðirnir eiga stórt rými í hjarta hennar og fólkið henni kært. Hún kvaðst full eftirvæntingar að takast á við ábyrgðina sem fylgir nýju starfi. Það var ánægjulegt að hlusta á séra Agnesi sem talaði við okkur hrein og bein og blátt áfram og brá fyrir sig glettni og gamansemi.

Reidd var fram máltíð sem samanstóð af margs konar forréttum, aðalrétti og eftirrétti og bragðaðist allt þetta hið besta. Á meðan gafst tækifæri til að spjalla saman.

Á milli atriða voru sungin jólalög undir stjórn Kristínar Ágústu.

\*\*\*

4. fundur 2012-2013 var haldinn þann 4. febrúar 2013 kl. 18-20:30 í Skipholti 37, húsakynnum list- og verkgreina Menntavísindasviðs.

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir flutti orð til umhugsunar og fjallaði á mjög áhugaverðan hátt um ævistarf Isadoru Duncan sem dansara og stiklaði á stóru í lífshlaupi hennar. Þessi umfjöllun var frábær tenging við erindi kvöldsins, Dans gegnum lífið sem Guðbjörg Arnardóttir danskennari flutti. Hún byrjaði á því að kenna okkur vikivaka, en í framhaldi af því fræddi hún okkur um danslistina, mismunandi tegundir af dansi og hlutverk dansins sem gleðigjafa og tjáningartækis. Eftir fræðslu um dansinn gaf hún okkur innsýn í "lancier" og skapandi dans með því að taka smá æfingu með okkur. Að því loknu voru léttar veitingar.

\*\*\*

Fimmti fundur Etadeildar 2012-2013 var haldinn í Hannesarholti við Grundarstíg 5. mars kl.

18-20. Þar ræður ríkjum Ragnheiður Jóna Jónsdóttir Etasystir.

Fundurinn hófst á inntöku Önnu Sigríðar Pétursdóttur.

Guðlaug Sjöfn flutti Orð til umhugsunar og lagði út frá mikilvægi sköpunarkraftsins enda viðeigandi í „húsi sem gert hefur verið að minnisvarða um Hannes Hafstein, mann sem var brautryðjandi á pólitískum vettvangi, manns sem þorði að fara ótroðnar slóðir og bjó yfir miklum sköpunarkrafti sem veitti honum persónulega lífsfyllingu í kveðskap. Sá sköpunarkraftur kom öllum Íslendingum til góða og varðveitist sem menningararfur þjóðarinnar”.

Ragnheiður fræddi okkur um sögu húsins endurbætur og framkvæmdir við það, auk þess sem hún sagði frá hugmyndum um hlutverki sem því er ætlað í menningarlífi borgarinnar. Að því loknu leiddi hún okkur um húsið og sagði okkur frá Hannesi Hafstein og hans fjölskyldu. Það var einróma álit að mjög vel hefði tekist til við endurgerð hússins.

Fundarkonur nutu síðan ljúffengra veitinga að hætti hússins.

\*\*\*

Sjötti fundur var haldinn í Gróskusal á Garðatorgi 30. maí kl. 18.

Gestur fundarins og fyrirlesari var Gerður G. Óskarsdóttir sem fjallaði um tiltekna þætti í rannsókn sinni um skil milli skólastiga, þ.e. milli leik- og grunnskóla og svo grunn- og framhaldsskóla. Gerður valdi að ganga út frá fordómum, þ.e. því sem heyrst sagt um skólastigin þrjú og athuga hvernig rannsóknarniðurstöður styðja eða hrekja það sem sagt er. Gerður kom víða við og sagði okkur á skemmtilegan hátt frá ýmsum athyglisverðum niðurstöðum sem urðu tilefni til líflegra umræðna á eftir sem stóðu langt fram yfir auglýstan fundartíma. M.a. var rætt um styttingu framhaldsskólans, brottfall, sjálfsmynd kennara og einhliða kennsluhætti. Á meðan á umræðum stóð nutu fundarkonur létttra veitinga. Var gerður góður rómur að einföldum matseðli, ágætum fund fróðlegum og vel fluttum fyrirlestri.

## **Starfsárið 2013-2014**

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn í húsnæði, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, þann 9. október 2013, frá 5.30 til 7.30.

Þema fundarins: Stjórnaskrármálið. Mistök og lærdómar. Salvör Nordal, formaður stjórnarskrárhópsins var gestur fundarins.

Erindi Salvarar var einkar áhugavert og fjallaði um fyrri tilraunir til þess að breyta stjórnarskrá Íslands og aðdraganda þess að ákveðið var að gera enn eina atlögu að núgildandi stjórnarskrá. Hún tengdi umræðuna rannsóknarskýrslunni, sérstaklega siðfræðikaflanum og eins ræddi hún um áhrif og framkvæmd þjóðfundarins sem var undanfari kosninga til stjórnarskrárnefndar. Góður rómur var gerður að máli Salvarar og að því loknu hófust fjörugar umræður og skoðanaskipti þar sem fundarkonur veltu því m.a. fyrir sér hvers vegna gengi svo erfiðlega að koma á breytingum á stjórnarsránni. Á boðstólum voru léttar veitingar, ostar og ávextir.

\*\*\*

Annar fundur var haldinn í Norðlingaskóla þann 13. nóvember 2013, frá 18:00 til 20:30

Þema fundarins: Kynning á nýjum kennsluháttum og nemendalýðræði á unglíngastigi í Norðlingaskóla með áherslu á „flipped classroom“ eða speglaða kennslu.

Sif Vígbórsdóttir skólastjóri Norðlingaskóla kynnti fyrirlesara kvöldsins, Ragnar Þór Pétursson kennara á unglíngastigi. Ragnar fór í stórum dráttum yfir fyrirkomulag og markmið í kennslu unglíngastigsins. Áhersla kennslunnar er á mikilvægi traustsins, að nemendur læri að bera ábyrgð og hve mikilvæg gleðin er í öllu starfi. Unnið eru eftir 6 meginmarkmiðunum sem eru: traust, ábyrgð, gleði, samvinna, sköpun og fjölbreytni. Þá lagði Ragnar áherslu á að allt nám barnsins byggði á þeirra eigin styrku sjálfsmynd og að stefna skólans væri að nemendur finni sig á staðnum, finni fyrir vellíðan og við útskrift úr 10. bekk er markmiðið að ánægð og lífsglöð ungmenni yfirgefi skólann. Í lokin sýndi Sif okkur skólann sem er sérlega aðlaðandi og skemmtilega hannaður.

Á borðum var skólastjórásúpan margrómaða, heimabakað gómsætt brauð og létt salat matreitt af kokki skólans. Á eftir var kaffi og konfekt.

\*\*\*

Jólafundurinn var haldinn 3. desember í Skipholti 37, húsnaði Menntavísindasviðs HÍ, nánar tiltekið þar sem *Heilsa, matur, menning* hefur aðsetur. Það minnst margar Etakonur fyrri jólafundar sem haldnir voru á þessum stað undir umsjón Stefaníu Valdísar.

Eyrún tók á móti okkur með jólalögum sem hún lék á harmónikkuna sína. Guðbjörg stjórnaði fundi og Anna Sigríður flutti orð til umhugsunar og lagði út af gamalli sögu um hinn sanna jólaanda. Veitingar voru nú með öðru sniði en tíðkast hefur. Ekkert jólahangiket á borðum, heldur leitað í aðra menningarheima: Piparkökur með gráðosti og sultutaui að sænskum sið og franskur jóladrykkur, hitað rauðvín með negulnögglum, kanil, appelsínubitum og sykri. Þetta bragðaðist vel og mæltist vel fyrir.

Gestur fundarins var skáldkonan og sagnfræðingurinn Þórunn Erlu- og Valdimarsdóttir og las hún úr nýútkominn bók sinni *Stúlka með maga* sem byggir á ævi Erlu Jónsdóttur, móður skáldkonunnar. Þórunn fór á kostum og skemmtilegar umræður og skoðanaskipti fylgdu í kjölfarið.

Að venju voru sungin jólalög við undirleik Eyrúnar og áður en fundi lauk tóku nokkrar fundarkonur sporið með gestinum.

\*\*\*

Fjórði fundur var haldinn laugardaginn 8. febrúar á Grand hóteli og hófst kl. 10:30.

Orð til umhugsunar flutti Ingibjörg Símonardóttir. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að frumkvæði nemenda fengi að njóta sín í skólastarfinu og las upp ljóð sem lýsir á mjög myndrænan hátt hvernig hægt er að kæfa frumkvæði hins frjóa barnsheila með of mikilli stýringu kennara.

Gestur fundarins var Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri og erindi sitt nefndi hún *Auðlindir íslenskrar ferðapjónustu*. Hún greindi frá stöðunni, sífelld vaxandi ferðamannastraum og hvernig þyrfti að bregðast við. Ólöf ræddi helstu stefnumál innan greinarinnar sem væru að auka arðsemina, skapa fjölbreytt störf á ársgrundvelli, byggja upp áfangastaði vítt og breytt um landið og lengja ferðamannatímabilið. Ólöf benti á að skortur er á rannsóknum á sviði

ferðapjónustu hér á landi, framtíðarsýn vantar, svo og stefnumótun. Hún sagði að fagmennska og metnaður yrðu að vera í fyrirrúmi svo og menntun og þjálfun starfsmanna

Á boðstólum var morgunverður.

\*\*\*

Fimmti fundur var haldinn 10. mars kl. 18:00 í Hannesarholti.

Orð til umhugsunar flutti Sophie Kofoed Hansen. Hún talaði út frá Hannesi Hafstein sem var einn af frumkvöðlum í skógrækt hér á landi og las ljóð hans sem var ort í upphafi skógræktar á Íslandi.

Erindi fundarins fluttu þær Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir og fjölluðu um rannsóknir sem þær gerðu ásamt Amalíu Björnsdóttur próffræðingi á forspárgildi hljóðkerfis- og hljóðvitundar og almenns málproska fyrir áhættu á lestrarörðugleikum síðar meir. Rannsóknirnar voru gerðar á úrtaki úr elsta árgangi í leikskóla á árunum 1996-2001. Það ár fengu höfundar styrk frá menntamálaráðuneyti til að fullvinna prófið og bættu þá við nýju úrtaki. Þáttakendum var fylgt eftir og niðurstöður sýna sterk tengsl við ýmsa félagslega þætti. Enn fremur benda niðurstöður úr HLJÓM-2 í leikskóla til að þær geti sagt fyrir um hvaða nemendur eru í áhættu að falla brott úr námi í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla.

Að fyrirlestrinum loknum voru umræður og stungið upp á að deildin skoðaði möguleika á að styðja við verkefnið Guðrún Hrefna sagði að deildin hefði lengi leitað að einhverju ákveðnu verkefni að vinna að og stakk upp á deildin ynni að verkefninu „Góður málproski“ og myndi þar með koma til móts við eitt af markmiðum Etadeildar.

\*\*\*

Aðalfundur var haldinn 29. apríl á Hótel Natura kl. 18:30.

Guðbjörg Sveinsdóttir, forseti landssambandsins var gestur fundarins og María Hildipórsdóttir var einnig gestur.

Að lokinni fundarsetningu og kynningu var Kristín Ólafsdóttir skipuð fundarstjóri. Næst á dagskrá var inntökuathöfn og voru þrjár konur teknar formlega inn í deildina: Björg Kristjánsdóttir, Ingibjörg Möller og Sigríður Heiða Bragadóttir.

Síðan hófust aðalfundarstörf. Flutt var skýrsla formanns. Gjaldkeri lagði fram reikninga sem voru samþykktir og loks var kosin ný stjórn. Uppstillingarnefnd gerði tillögu um eftirfarandi konur sem voru einróma samþykktar: Bryndís Guðmundsdóttir formaður og með henni í stjórn Anna Sigríður Pétursdóttir, Kristín Helga Guðmundsdóttir, Magnea Ingólfsdóttir og Stefanía Valdís Stefánsdóttir.

Að þessu loknu var snæddur kvöldverður og þá gafst gott tóm til að spjalla saman.

